

Inntökuáætlun

Inntökunefnd

Inntökunefnd skipa 2 fulltrúar úr starfsmannaráði, valdir að hausti 1 ár í senn.

Hlutverk nefndarinnar er:

1. Halda utan um inntökufjerli 1.bekkar (biðlista sem og nýjar umsóknir)
2. Halda utan um inntökufjerli 2-10. bekkjar ásamt bekkjakennara
3. Halda reiður á umsóknum og öðrum tilheyrandi skrifræði umsókna

Inntökufjerli

- Fyrirspurnir um skólavist berast til inntökunefndar í gegnum heimasíðu skólans
- Foreldrar/forráðamenn upplýstir um inntökufjerli skólans í netpósti
- Inntökunefnd boðar foreldra og barn til inntökufundar ef laust er í umsóknarbekk.
- Ef fullskipað er í bekkni er hægt að óska eftir að setja barna á biðlista.
- Börn með lögheimili í Kópavogi njóta forgangs.
- Í viðtali við foreldra eru til staðar einn fulltrúi úr inntökunefnd ásamt bekkjakennara.
- Fyrirkomulag skólastarfs og helstu áherslur í kennslu- og uppeldisfræði Waldorfskólans kynnt fyrir foreldrum/forráðamönnum.
- Foreldrar/forráðamenn eru upplýstir um hlutverk og skyldur foreldra innan skólasamfélagsins
- Óskað er eftir væntingum foreldra/forráðamanna til skólans
- Fengið er leyfi fyrir að afla upplýsingar úr skóla barns um námslega og félagslega stöðu þess.
- Inntökunefnd fer yfir fyrirliggjandi upplýsingar og gerir samantekt
- Samantektin er tekin fyrir á starfsmannafundi, en þar er metið hvort skólinn sjái sér fært að mæta þörfum barns og svigrúm sé til að bæta barn í umsóknarbekk.
- Bekkjarkennari eða fulltrúi úr inntökunefnd hefur samband við umsækjanda og greinir frá niðurstöðu.
- Barn hefur skólagöngu sína í upphafi haust- eða vorannar nema annað samkomulag sé gert þar um.